

LEONARDÓ

SAMSTARFSVERKEFNI (PARTNERSHIP)

Leonardo SAMSTARFSVERKEFNI (Partnership) eru verkefni þar sem þátttakendum gefst kostur á samstarfi á sviði starfsmenntunar. Verkefnin eru smærri verkefni þar sem unnið er að þróun að ákveðnu málefni á tveggja ára tímabili. Samstarfsaðilar hittast reglulega og eru styrkir veittir miðað við fjölda funda sem skipulagðir eru í verkefninu. Styrkjum til samstarfsverkefna er stýrt beint frá heimalandinu.

Þátttakendur:

Verkefnin eru samstarfsverkefni milli a.m.k. **3ja landa og þarf eitt landana að vera Evrópusambandsland.** Í umsóknarferlinu er lögð rík áhersla á þátttöku fleiri landa en það er möguleiki að þátttakendur í umsókn detti út úr samþykktum verkefnum ef fjármagn viðkomandi lands nægir ekki til að styrkja allar samstarfsverkefnaumsóknir.

Í Leonardo samsarfsverkefnum er lögð áhersla á fjölbreyttan samstarfshóp og virkt samstarf **menntastofnana, starfsgreina, aðila vinnumarkaðarins og atvinnulífsins.** Í sumum verkefnum er lögð áhersla á þátttöku notenda; nema eða annara sem málefnið varðar beint en í öðrum verkefnum er lögð áhersla á vinnu og beina þátttöku sérfræðinga í starfsmenntun og starfsfólk þátttökustofnana.

Lýsing:

Segja má að samstarfsverkefni (partnership verkefni) séu millistig á milli mannaskipta- og yfirfærsluverkefna í Leonardó. Í mannaskiptaverkefnum getur hver þátttakandi aðeins farið í eina heimsókn en í samstarfsverkefnum gefst samstarfsaðilum tækifæri á að hittast oftar, þróa hugmyndir sínar og láta á þær reyna á tímabilinu. Styrkirnir samstarfsverkefnin eru smærri í sniðum og einfaldari en yfirfærsluverkefni, en samstarfsverkefnin geta mjög vel nýst til að prófa afurð yfirfærsluverkefnis.

Samstarfsverkefni eru upplögð leið til að bera saman og hafa samráð og kynningar á gagnsæi náms á milli landa í anda Kaupmannahafnar- og Helsinki yfirlýsingana, EQF (evrópska gæðarammann), ECVET einingakerfi í starfsmenntun og hágæða menntun sem hæfir lykilatvinnuvegunum í löndunum.

Í Leonardo samstarfsverkefnum er gert ráð fyrir að í lok verkefna liggi fyrir **niðurstöður eða afurðir** sem hægt er að kynna og nýta annarsstaðar, t.d. skýrsla, margmiðlunarefni, ráðstefna eða annað.

HVERJIR GETA SÓTT UM STYRK?

Allar menntastofnanir sem sinna starfsmenntun og aðrir aðilar sem tengjast starfsmenntun og starfsþjálfun á einhvern hátt s.s. skólar og fræðsluaðilar; stéttarfélög og aðilar vinnumarkaðar félagasamtök og fagfélög; fyrirtæki; aðilar sem sinna náms- og starfsráðgjöf; rannsóknastofnanir og símenntunarmiðstöðvar. **Næsti umsóknarfrestur er 19.febrúar 2010.**

HVERNIG MÁ NOTA STYRKINN ?

Veittur er styrkur til að sækja verkefnisfundi. Upphæðin er föst og fer eftir áætluðum fjölda funda á verkefnistímanum.

AÐSTOÐ VIÐ UMSÆKJENDUR

Landskrifstofa Leonardó veitir allar frekari upplýsingar um áætlunina, veitir ráðgjöf varðandi þróun verkefna og aðstoðar umsækjendur við leit að samstarfsaðilum. Verkefnastjórar eru María Kristín Gylfadóttir (mkg@hi.is) og Margrét Jóhannsdóttir (marjoh@hi.is)